



Handbók fyrir

Goðamót Þórs

5 kvk – 26.-28. febrúar 2016



Goðamót 2016 - 5 kvk



Mótsstjórn og símanúmer – Aðsetur mótsstjórnar er á 2. hæð í Hamri, félagsheimili Þórs.

Mótsstjóri: Haraldur Ingólfsson, s. 824 2778. **Ljósmyndari:** Páll Jóhannesson. **Veitingasala:** Heimir Guðlaugsson. **Yfirumsjón gistingar:** Guðni Þór Ragnarsson. **Gjaldkeri:** Eiður A. Pálmason.
Vefur mótsins: mot.thorsport.is og www.facebook.com/godamot.

Hamar, félagsheimili Þórs: 461 2080. Læknavaktin á Akureyri: 848 2600.



Glerárskóli - Vakt í Glerárskóla: Foreldrar í sjálfboðavinnu, **sími vaktmanns er 698 5051.**

- Vinsamlega notið skóhillur sem merktar eru hverju liði fyrir sig.
- Virðið búnað skólans, verk nemenda og allt sem í skólanum er.
- Boltaleikir eru bannaðir innan dyra, einnig hlaup og eltingarleikir.
- Millistykki eru til láns hjá vaktmanni.
- Matsalurinn er opinn til að borða nesti. Brauðgrill má aðeins nota í matsalnum, við opinn glugga, en hvorki í stofum og gangi. Vinsamlega gangið frá að lokinni notkun.
- Liðin eru á ábyrgð fararstjóra, vaktmaður mótsins er ekki barnapía.
- Vaktmaður læsir og opnar stofur ef óskað er.
- Mælst er til að ró sé komin á svefnstað kl. 23.00. Skólanum er læst á miðnætti.



Keppnisreglur

1. Keppnisvellir eru um 50x32 metrar. Vítateigur er 8 m frá hvorri marksúlu og 8 m út á völinn. Vítapunktur er 8 metra frá miðri marklínu.
2. Leiktími er 2 x 12 mínútur og leikhlé er 2 mínútur.
3. Úrslit leikja eru skráð með að hámarki þriggja marka mun. Markatala skiptir þó engu máli við röðun liða.
4. Reglur KSÍ um 7 manna knattspyrnu gilda, m.a. að: A) Skiptingar eru frjálssar. B) Upphafsspyrna skal tekin á miðju og heimilt að spyrna í hvaða átt sem er. C) Leikmenn geta ekki verið rangstæðir. D) Einungis eru **beinar aukaspyrnur** og skulu mótherjar vera a.m.k. 6 m frá.
5. Röð liða ákvarðast nánar samkvæmt: A) Fjöldi stiga. B) Fjöldi stiga í innbyrðis leik(jum). C) Hlutkesti (ef ákveða þarf hvort lið raðast ofar í riðli þar sem keppt er í tveimur riðlum).
6. Keppt er í fjórum deildum, Argentínu (7 lið), Brasilíu (12 lið), Chile (7 lið) og Danmörku (12 lið).
Argentína og **Chile:** 7 liða deildir, allir við alla, síðan úrslitaleikir um sæti, 1v2, 3v4, 5v6. Í báðum deildum er gestalið (Þór4 í A og Kormákur/Hvöt í C). Þau raðast sjálfkrafa í 7. sætið og fá því ekki leik um sæti í deildunum. **Leikir liða gegn gestaliðunum skipta þó máli því stigin úr þeim leikjum eru talin með í stigakeppninni.** Í úrslitaleikjum um verðlaunasæti í A og C gildir að ef þeir enda með jafntefli þá sigrar það lið sem varð ofar í deildinni (ekki varpað hlutkesti).
Brasilía og **Danmörk:** 12 lið í hvorri deild, skipt í tvo sex liða riðla. Spilað allir við alla innan riðlanna. Að lokinni keppni í deildinni er spilað í kross, 1v2, 2v1, 3v4, 4v3 o.s.frv. og síðan leikið um öll sæti. Í riðli 2 í Danmörku er gestalið, Þórsstrákar. Það lið raðast sjálfkrafa neðst í sinn riðil.
7. Veitt eru verðlaun fyrir fyrsta, annað og þriðja sæti í hverri deild, bikar fyrir liðið og verðlaunapeningur á liðsmenn. Allir keppendur fá mótsgjöf Goða að móti loknu.



Goðamót 2016 - 5 kvk



Föstudagur 26. febrúar

Boginn

Kl. 16.00-20.00: **Fótbolti.** Sjá leikjaplan á mot.thorsport.is og [Facebook.com/godamot](https://www.facebook.com/godamot).

Hamar



Kl. 15-18: **Gjaldkerinn á vaktinni.** Afhending armbanda. Þau félög sem ekki hafa þegar millifært mótsgjaldið gangi frá greiðslu í Hamri áður en mótið hefst. Mótsstjórinn verður áfram á vaktinni fram á kvöld og geta þau lið sem eru búin að borga því nálgast sín armbönd. Ekki verður formlegur fararstjóra- eða þjálfarafundur, en allir velkomnir í spjall við mótsstjóran.

Glerárskóli

Kl. 15.00: **Skólinn opnaður.** Athugið að ekki er hægt að hleypa liðum fyrir inn í skólann.

Kl. 18.30-20.20: **Kvöldmat.** Innifalið í mótsgjaldinu hjá þeim liðum sem gista í skólanum. Sýna þarf armband mótsins. Stakar máltíðir kosta 1.000 kr. Aðeins tekið við peningum.

Ýmis afþreying

Kl. 19.00-21.00: **Skautahöllin.** Skautadískó. Þátttakendur á Goðamótum og fjölskyldur þeirra fá afslátt, greiða 500 krónur á mann, skautaleiga innifalin.

Kl. 17.30-21.00: **Glerárlaug.** Frítt fyrir þátttakendur á Goðamóti. Sýnið armbandið. Fararstjóri verður að vera með.

Sambíóin. Tilboð: (1) Bíómiði á 650 kr., (2) bíómiði, lítill popp, lítið gos á 1.050 kr., (3) bíómiði, miðstærð popp og miðstærð gos á 1.200 kr., (4) bíómiði, lítið popp og safi á 1.100 kr. Sýnið armbandið – *Upplýsingar um myndir í sýningu má finna á sambio.is.*



Laugardagur 27. febrúar

Boginn

Kl. 9.00-17.00: **Fótbolti.** Göngum vel um, hendum rusli í tunnur og berum virðingu fyrir húsinu og búnaði þess. Bannað að leika á hástökkdýnunum í Boganum.



Kl. 09.30-13.00 **Liðsmyndatökur** - Ljósmyndari Goðamótanna tekur liðsmyndir við stóra Goðamerkið í miðjum Boganum. Myndirnar verða aðgengilegar öllum á mot.thorsport.is og Facebook-síðu Goðamótanna, þangað sem allir geta sótt þær. Einnig hægt að fá liðsmyndatökur fyrir hádegi á sunnudag.

Hamar

Kl. 8.30-16.00: **Veitingasala í Hamri.** Goðakjötsúpan fræga og fleira gott.

Frá kl. 12.35: **Boltinn í beinni á stóru tjaldi.**

Glerárskóli

Kl. 7.45-9.30: **Morgunverður.** Sýnið armbandið. Stakur morgunverður á 500 kr.

Kl. 12.00-13.30: **Hádegisverður.** Sýnið armbandið. Stakar máltíðir á 1.000 kr. Þessi máltíð er einnig innifalin hjá þeim liðum sem ekki gista í skólanum, þ.e. Þór og KA.

Kl. 18.30-20.00: **Kvöldverður.** Sýnið armbandið. Stakar máltíðir á 1.000 kr.

Ýmis afþreying

Kl. 09.00-18.30: **Glerárlaug.** Opið í Glerárlaug, frítt fyrir þátttakendur á Goðamóti. Sýnið armbandið. Fararstjóri verður að vera með.



Goðamót 2016 - 5 kvk



Ísrútan frá Hamri í Ísgerðina í Kaupangi



Kl. 14.30-16.30: Ísgerðin í Kaupangi við Mýrarveg. Rútuferðir frá Hamri

(félagsheimili Þórs við Bogann) í boði **Hópferðabíla Akureyrar.**

Fararstjórar/liðsstjórar þurfa að skrá sín lið í rútuferðina. Í boði er að skrá beint á netinu (slóðin er á mot.thorsport.is og [Facebook.com/godamot](https://www.facebook.com/godamot), en einnig má skrá í ísferðina hjá mótstjóra.

Fyrsta brottför er kl. 13.30 og farið um það bil á 20 mínútna fresti. Athugið: Rútan fer með hóp og skilur hann eftir, sækir næsta hóp og tekur fyrri hóp þá til baka og svo koll af kolli.

Athugið að ísinn er aðeins í boði fyrir þátttakendur sem fara með rútinum frá Hamri. Ísgerðin býður einnig fjölskyldum keppenda 20% afslátt af ís á meðan mótið stendur yfir.

Sambíóin. Tilboð: (1) Bíómiði á 650 kr., (2) bíómiði, lítill popp, lítið gos á 1.050 kr., (3) bíómiði, miðstærð popp og miðstærð gos á 1.200 kr., (4) bíómiði, lítið popp og safi á 1.100 kr. Sýnið armbandíð – *Upplýsingar um myndir í sýningu má finna á sambio.is.*



Ísgerðin

Goðamótsgestir, verið hjartanlega velkomin til okkar í Ísgerðina.

GOÐI

20% afsláttur af ís fyrir keppendur og fjölskyldur þeirra alla helgina!

Barna-bragðarefur á 600 kr.

f ERUM Á FACEBOOK

Akureyri

Kaupangi // Sími 469 4000 // Opíð virka daga 14-23 // Helgar 12-23

Goðamót 2016 - 5 kvk



Sunnudagur 21. febrúar

- Glerárskóli** Kl. 7.45-9.30: Morgunverður. Sýnið armbandið. Stakur morgunverður á 500 kr.
- Boginn** Kl. 9.00-12.30: Fótþolti. Keppendur hafa aðgang að sturtum í Hamri.
Liðsmyndataka í boði í Boganum fyrir þau liðs em misstu af ljósmyndaranum í gær.
- Hamar** Kl. 10.30-12.30: Niðurskornir ávextir í boði í Hamri.
Kl. 12.00-14.00: Goðagrillið. Grillaðar pylsur og Svali fyrir þátttakendur.
Kl. 13.50: Enski boltinn í beinni á stóru tjaldi.
- Ýmis afþreying** Kl. 13.00-16.00: Skautahöllin. Þátttakendur á Goðamótum og fjölskyldur þeirra fá afslátt, greiða 500 krónur, skautaleiga innifalin.
Kl. 09.00-12.00: Glerárlaug. Opið í Glerárlaug, frítt fyrir þátttakendur á Goðamóti. Sýnið armbandið. Fararstjóri verður að vera með. Lið sem ljúka keppni eftir að sundlauginni er lokað hafa aðgang að sturtum í Hamri ef óskað er.



ICELANDAIR



RAFEYRI
alltaf í stúði!

nýja kaffibrennslan

Slippurinn

R4H
PHOTOGRAPHY

Verðlaunagripir
NORDURLANDS

Verðlaunagripir.is

